# Sveitarsjóður Tjörneshrepps

## Ársreikningur 2020

Tjörneshreppur
Ketilsstöðum
Tjörnesi
641 Húsavík

kt. 650269-5789

# Sveitarsjóður Tjörneshrepps

Ársreikningur 2020

Efnisyfirlit.


Áritun endurskoðenda ........................................ 2-3

Áritun sveitastjórnar .......................................... 4

Rekstrarreikningur. ........................................... 5

Efnahagsreikningur ........................................... 6-7

Yfirlit um sjóðstreymi ....................................... 8

Heildaryfirlit yfir rekstur .................................... 9

Skýringar ........................................................ 10-14

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til sveitarstjórnar Tjörneshrepps

## Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Tjörneshrepps fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins. Hann greinist í áritun sveitarstjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Tjörneshrepps á árinu 2020, efnahag hans 31. desember 2020 og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

## Grundvöllur fyrir áliti

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda hér að neðan. Við erum óháð Tjörneshrepp í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Ábyrgð sveitarstjórnar og oddvita á ársreikningnum

Sveitarstjórn og oddviti eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil sveitarfélaga. Sveitarstjórn og oddviti eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber sveitarstjórn og oddvita að leggja mat á rekstrarhæfi sveitarfélagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi nema það sé ekki lengur til staðar.

## Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.
Nægjanleg vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

• Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

• Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.

• Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

• Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sveitarfélagsins.

• Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

• Öflun fullnægjandi endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga eininga innan samstæðunnar, til að geta látið í ljós álit á samstæðuársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ein ábyrgð á áliti okkar.

Okkur ber skylda til að upplýsa sveitarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Akureyri, 7. maí 2021

**Deloitte ehf.**

Aðalsteinn Sigurðsson

Aðalsteinn Sigurðsson
endurskoðandi

# Áritun sveitarstjórnar

Ársreikningur Tjörneshrepps er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.

Starfsemi sveitarfélagsins tekur eingöngu til starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum, þ.e. A hluta. Engin B hluta fyrirtæki eru í eigu sveitarfélagsins, þ.e. fyrirtæki sem að hálfu eða meira hluta eru í eigu sveitarfélagsins.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins námu samtals kr. 54.337.871 og rekstrarniðurstaða ársins var jákvæð um kr. 18.591.374. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir sveitasjóðs kr. 131.516.672, bókfært eigið fé í árslok er kr. 129.399.371 og eiginfjárhlutfall sveitasjóðs er 98,4%.

Að áliti sveitarstjórnar Tjörneshrepps koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sveitarfélagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Sveitarstjórn Tjörneshrepps staðfestir hér með ársreikning sveitarfélagsins fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Tjörnesi, 5. maí 2021

**Í sveitarstjórn Tjörneshrepps**

Aðalsteinn J. Halldórsson
oddviti

Sveinn Egilsson

Jón Gunnarsson

Smári Kárason

Katý Bjarnadóttir

# Rekstrarreikningur ársins 2020

| | Skýr. | 2020 | 2019 |
|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | |
| Skatttekjur án framlaga jöfnunarsjóðs | | 34.982.783 | 33.541.072 |
| Framlög jöfnunarsjóðs sveitarfélaga | | 19.116.676 | 12.342.150 |
| Ýmsar tekjur | | 238.412 | 352.328 |
| | | 54.337.871 | 46.235.550 |
| **Gjöld** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 9 | 8.256.669 | 7.849.352 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 27.608.710 | 19.997.426 |
| | | 35.865.379 | 27.846.778 |
| **Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir** | | 18.472.492 | 18.388.772 |
| Afskriftir | | 665.612 | 665.612 |
| **Rekstrarniðurstaða fyrir vexti** | | 17.806.880 | 17.723.160 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | | 784.494 | 1.165.501 |
| **Rekstrarniðurstaða** | | 18.591.374 | 18.888.661 |

# Efnahagsreikningur

## Eignir

| | Skýr. | 31.12.2020 | 31.12.2019 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| **Varanlegir rekstrarfjármunir** | | | |
| Fasteignir | 3,4 | 12.307.319 | 12.972.931 |
| | | 12.307.319 | 12.972.931 |
| **Áhættufjármunir og langtímakröfur** | | | |
| Eignarhlutar í félögum | 5 | 12.587.299 | 12.587.299 |
| | | 12.587.299 | 12.587.299 |
| **Fastafjármunir** | | 24.894.618 | 25.560.230 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| **Skammtímakröfur** | | | |
| Óinnheimtar tekjur | | 2.208.338 | 2.091.554 |
| Skammtímakröfur | 6 | 2.030.404 | 1.191.539 |
| | | 4.238.742 | 3.283.093 |
| **Handbært fé** | | | |
| Bankainnstæður | | 102.383.312 | 83.975.720 |
| | | 102.383.312 | 83.975.720 |
| **Veltufjármunir** | | 106.622.054 | 87.258.813 |
| **Eignir** | | 131.516.672 | 112.819.043 |

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr. | 31.12.2020 | 31.12.2019 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | |
| Eigið fé | 7 | 129.399.371 | 110.807.997 |
| **Eigið fé** | | 129.399.371 | 110.807.997 |
| **Skuldir** | | | |
| **Langtímaskuldir** | | | |
| | | 0 | 0 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 1.955.452 | 992.633 |
| Skuldir við eigin fyrirtæki | | 2.559 | 31.784 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 159.290 | 986.629 |
| | | 2.117.301 | 2.011.046 |
| **Skuldir** | | 2.117.301 | 2.011.046 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 131.516.672 | 112.819.043 |

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2020

| | Skýr. | 2020 | 2019 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Niðurstaða ársins | | 18.591.374 | 18.888.661 |
| Liðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Niðurfært hlutafé í Greiðri leið ehf. | | 0 | 567.299 |
| Niðurfært hlutafé í Hjörnesi ehf. | | 0 | 750.000 |
| Reiknaðar afskriftir | | 665.612 | 665.612 |
| Verðbætur og gengismunur | | 0 | 24.971 |
| **Veltufé frá rekstri** | | 19.256.986 | 20.896.543 |
| Breytingar á skammtímaliðum: | | | |
| Skammtímakröfur, lækkun (hækkun) | | (955.649) | 370.434 |
| Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) | | 135.480 | 420.409 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum | | (820.169) | 790.843 |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 18.436.817 | 21.687.386 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Kröfur við eign fyrirtæki, breyting | | 0 | 161.645 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | 0 | 161.645 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting | | (29.225) | 31.784 |
| Afborganir langtímalána | | 0 | (2.732.824) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | (29.225) | (2.701.040) |
| **Hækkun (lækkun) handbærs fjár** | | 18.407.592 | 19.147.991 |
| **Handbært fé í upphafi árs** | | 83.975.720 | 64.827.729 |
| **Handbært fé í lok árs** | | 102.383.312 | 83.975.720 |

# Rekstraryfirlit ársins 2020

| Aðalsjóður | Rekstrar- niðurstaða | Tekjur samtals | Skatt- tekjur | Framlög jöfnunar- sjóðs | Aðrar tekjur | Rekstrar- gjöld samtals | Laun og launatengd gjöld | Annar rekstrar- kostnaður | Afskriftir | Fjármagns- liðir nettó |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 00 - Skatttekjur | **54.167.459** | **54.167.459** | 34.982.783 | 19.116.676 | 68.000 | | | | | |
| 02 - Félagsþjónusta | **(3.988.915)** | **0** | | | | **3.988.915** | 2.853.685 | 1.135.230 | 0 | |
| 03 - Heilbrigðismál | **(172.107)** | **0** | | | | **172.107** | 0 | 172.107 | 0 | |
| 04 - Fræðslu- og uppeldismál | **(7.405.311)** | **0** | | | | **7.405.311** | 0 | 7.405.311 | 0 | |
| 05 - Menningarmál | **(3.780.282)** | **170.412** | | | 170.412 | **3.950.694** | 518.038 | 2.767.044 | 665.612 | |
| 06 - Æskulýðs- og íþróttamál | **(457.032)** | **0** | | | | **457.032** | 0 | 457.032 | 0 | |
| 07 - Brunamál og almannavarnir | **(2.011.257)** | **0** | | | | **2.011.257** | 0 | 2.011.257 | 0 | |
| 08 - Hreinlætismál | **(4.158.945)** | **0** | | | | **4.158.945** | 0 | 4.158.945 | 0 | |
| 09 - Skipulags- og byggingamál | **(1.631.619)** | **0** | | | | **1.631.619** | 0 | 1.631.619 | 0 | |
| 10 - Umferðar- og samgöngumál | **(1.117.698)** | **0** | | | | **1.117.698** | 0 | 1.117.698 | 0 | |
| 11- Umhverfismál | **(2.672.933)** | **0** | | | | **2.672.933** | 0 | 2.672.933 | 0 | |
| 13 - Atvinnumál | **(99.774)** | **0** | | | | **99.774** | 0 | 99.774 | 0 | |
| 21 - Sameiginlegur kostnaður | **(8.864.706)** | **0** | | | | **8.864.706** | 4.884.946 | 3.979.760 | 0 | |
| 28 - Fjármagnsliðir | **784.494** | **0** | | | | **(784.494)** | 0 | 0 | 0 | (784.494) |
| **Aðalsjóður samtals** | **18.591.374** | **54.337.871** | 34.982.783 | 19.116.676 | 238.412 | **35.746.497** | 8.256.669 | 27.608.710 | 665.612 | (784.494) |
| **Samstæðureikningur A -hluta** | **18.591.374** | **54.337.871** | 34.982.783 | 19.116.676 | 238.412 | **35.746.497** | 8.256.669 | 27.608.710 | 665.612 | (784.494) |

# Skýringar

## Almennar upplýsingar

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, nr. 45/1998, lög um ársreikninga, nr 3/2006, lög um bókhald nr. 145/1994, reglugerð nr. 696/1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 944/2000 og auglýsingu um reikningsskil sveitarfélaga nr. 790/2001.

   Starfsemi sveitarfélaga er almennt skipt í a og b-hluta, en starfsemi Tjörneshrepps fellur alfarið undir a-hluta og því er ekki um neinn b-hluta að ræða. Til a-hluta telst sveitarsjóður, sem er Aðalsjóður sveitarfélagsins auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti eru fjármögnuð með skatttekjum, en auk aðalsjóðs er um að ræða Eignasjóð.

## Helstu reikningsskilaaðferðir

2. Ársreikningurinn er í samræmi við lög og reglur og viðtekna reikningsskilavenju sveitarfélaga á Íslandi. Við gerð hans er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

### Innlausn tekna

Til skatttekna flokkast útsvar, fasteignaskattur og framlag úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga auk annarra tekna með skattígildi, svo sem lóðarleiga.

Útsvar er tekjufært samkvæmt staðgreiðsluskilagreinum og endanlegri álagningu ársins á undan, en aðrar skatttekjur eru tekjufærðar við álagningu þeirra.

Til lækkunar skatttekna eru færðar reiknaðar niðurfærslur til að mæta vanhöldum vegna vafasamra óinnheimtra skatttekna.

Þjónustutekjur eru tekjufærðar þegar þjónusta hefur verið innt af hendi.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við vaxtakjör viðkomandi eigna, en arðstekjur eru tekjufærðar þegar réttur til þeirra hefur skapast.

### Lotun gjalda

Gjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

### Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðbætur og gengismunur sem myndast er færður meðal fjármagnsliða í rekstrarreikningi.

### Niðurfærslur eigna

Langtímakröfur, óinnheimtar skatttekjur og aðrar útistandandi skammtímakröfur hafa verið metnar með tilliti til tapsáhættu og niðurfærðar með óbeinni afskrift í ársreikningi. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting á niðurfærslu sem þannig er ákveðin að teknu tilliti til endanlegra tapaðra krafna á reikningsárinu er færð í rekstrarreikning.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Fasteignir Tjörneshrepps eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni árlegri afskrift sem miðuð er við áætlaðan líftíma eignanna.

## Helstu reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Varanlegir rekstrarfjármunir (framhald)

Fasteignir, þ.e. varanlegir rekstrarfjármunir sveitarfélagsins, eru færðir á kostnaðarverði að frádreginn árlegir afskrift sem miðuð er við áætlaðan líftíma eignanna. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði þeirra og þeim kostnaði sem hlýst af öflun þeirra og endurbótum.

Afskriftir eru reiknaðar af stofnverði varanlegra rekstrarfjármuna að frádregnum framlögum til þeirra og gjaldfærðar línulegri afskrift á áætluðum endingartíma eignanna. Afskriftartími eigna hefst þegar þær eru teknar í notkun. Ef rekstrarfjármunur er enn í notkun eftir að afskriftartíminn er á enda, er skilið eftir niðurlagsverð sem samsvarar eins ár afskrift, en þó ekki meira en sem svarar til 10% af stofnverði. Áætlaður nýtingartími eignanna greinist þannig:

Fasteignir........................................................................................ 35 ár

### Eignarhlutar í félögum

Eignarhlutar sveitarsjóðs í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði í ársreikningi sveitarsjóðs. Ekki er færð hlutdeild í afkomu þeirra í reikningsskilum hans þar sem fyrst og fremst er verið að draga fram ráðstöfun skatttekna í ársreikningi sveitarsjóðs. Bókfærðu verði eignarhluta hefur verið fært niður ef viðkomandi félag hefur verið rekið með verulegu og viðvarandi tapi og hrein eign þess rýrnað vegna þess.

### Eignir utan efnahags

Hafnarmannvirki, ásamt eignarhluta Tjörneshrepps í Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga, eru eignir sveitarfélagsins sem ekki eru bókfærðar í efnahagsreikningi.

### Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði auk áfallinna vaxta ef um vaxtaberandi kröfur er að ræða. Kröfurnar eru niðurfærðar til þess að mæta vanhöldum við innheimtu þeirra.

### Handbært fé

Handbært fé samanstendur af innstæðum í bönkum og sambærilegum eignum sem eiga það sameiginlegt að vera handbærar innan þriggja mánaða.

### Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar til verðlags í árslok eins og lánakjör sega til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

### Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir eru færðar til skuldar í efnahagsreikningi á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar og áfallinna vaxta ef um vaxtaberandi skuldir er að ræða.

## Varanlegir rekstrarfjármunir

3. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | Félagsheimilið Sólvangur | Samtals |
|---|---|---|
| Stofnverð í ársbyrjun | 20.213.050 | 20.213.050 |
| Afskrifað áður | (7.240.119) | (7.240.119) |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 12.972.931 | 12.972.931 |
| Afskrifað á árinu | (665.612) | (665.612) |
| Bókfært verð í árslok | 12.307.319 | 12.307.319 |

4. Fasteignamat og vátryggingamat fasteigna sveitarfélagsins í árslok greinist þannig:

| | Fasteignamat | Vátrygginga-mat | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Félagsheimilið Sóvangur | 5.950.000 | 33.600.000 | 12.307.319 |
| | 5.950.000 | 33.600.000 | 12.307.319 |

## Eignarhlutar í félögum

5.

| | Nafnverð | Bókfært verð |
|---|---|---|
| Eignarhlutar í öðrum félögum: | | |
| Lánasjóður sveitarfélaga ohf. | 1.000.000 | 1.770.000 |
| Sparisjóður Suður Þingeyinga | 2.319.877 | 2.000.000 |
| Leigufélag Hvamms ehf. | 1.237.586 | 0 |
| Hjörnes ehf. | 9.000.000 | 8.250.000 |
| Greið leið ehf. | 1.134.598 | 567.299 |
| Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga | 118.182 | 0 |
| | | 12.587.299 |
| | | 12.587.299 |

## Skammtímakröfur

6. Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði.

## Eigið fé

7. Yfirlit yfir eiginfjárreikninga:

| | Fjárhæð |
|---|---|
| Yfirfært frá fyrra ári | 110.807.997 |
| Hagnaður ársins | 18.591.374 |
| Eigið fé í árslok | 129.399.371 |

## Ábyrgðir og önnur mál

9. Laun og tengd gjöld greinast þannig:

| | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| Laun og ökutækjastyrkir | 6.985.491 | 6.683.732 |
| Launatengd gjöld | 1.271.178 | 1.165.620 |
| | 8.256.669 | 7.849.352 |
| Meðalfjöldi starfa | 1,7 | 1,7 |

10. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

| | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur af bankainnstæður o.fl. | 1.098.750 | 1.705.279 |
| Aðrar fjármunatekjur, þ.m.t. arður | 0 | 84.897 |
| | 1.098.750 | 1.790.176 |
| Vaxtagjöld og fjármagnstekjuskattur | (314.256) | (624.675) |
| | (314.256) | (624.675) |
| | 784.494 | 1.165.501 |

## Covid-19:

11. Mjög óvenjulegar aðstæður hafa nú skapast vegna Kórónuveirunnar Covid-19. Óvissa er um hvaða áhrif þessi staða mun hafa á sveitarfélagið. Það er þó mat stjórnenda sveitarfélagsins að ekki sé vafi um rekstarhæfi þess vegna þessa.

## Kennitölur

| | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| 12. **Í hlutfalli við rekstrartekjur** | | |
| Skatttekjur | 99,6% | 99,2% |
| Laun og launatengd gjöld | 15,2% | 17,0% |
| Annar rekstrarkostnaður | 50,8% | 43,3% |
| Rekstrargjöld | 66,0% | 60,2% |
| Fjármagnsliðir, nettó | 1,4% | 2,5% |
| Rekstrarniðurstaða | 34,2% | 40,9% |
| Heildarskuldir | 3,9% | 4,3% |

## Kennitölur (framhald)

| | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| **13. Í þúsundum króna á íbúa** | | |
| Skatttekjur | 966 | 850 |
| Aðrar tekjur | 4 | 7 |
| Tekjur samtals | 970 | 856 |
| Rekstrargjöld | 640 | 516 |
| Rekstrarniðurstaða | 332 | 350 |
| Eignir | 2.349 | 2.089 |
| Eigið fé | 2.311 | 2.052 |
| Skuldir | 38 | 37 |
| **14. Aðrar lykiltölur** | | |
| Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir | 50,36 | 43,39 |
| Eiginfjárhlutfall - eigið fé/heildarfjármagn | 98% | 98% |
| Handbært fé frá rekstri / afkoma | 0,99 | 1,15 |
| **15. Íbúafjöldi** | | |
| Í ársbyrjun | 54 | 55 |
| Breyting á árinu | 2 | (1) |
| Í árslok | 56 | 54 |

## SUNDURLIÐAÐ REKSTRARYFIRLIT AÐALSJÓÐS

| | | Heildar-tekjur | Laun og launat. gjöld | Vöru- og þjónustu-kaup | Fjármunat. og fjármagnsgj. | Afskriftir | Styrkir og framlög | Samtals gjöld |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **00 Skatttekjur** | | **54.099.459** | | | | | | |
| | 0 Skattar | **34.982.783** | | | | | | |
| 00-01 | *Útsvör* | 31.296.765 | | | | | | |
| 00-06 | *Fasteignaskattur* | 3.686.018 | | | | | | |
| 00-10 | 1 Framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga | **19.116.676** | | | | | | |
| **02 Félagsþjónusta** | | **0** | **2.853.685** | **881.459** | **0** | **0** | **253.771** | **3.988.915** |
| | 1 Félagsleg aðstoð | **0** | **2.853.685** | **0** | **0** | **0** | **0** | **2.853.685** |
| 02-102 | *Félagsleg heimaþjónusta* | 0 | 2.853.685 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2.853.685 |
| | 4 Þjónusta við aldraða | **0** | **0** | **5.532** | **0** | **0** | **247.507** | **253.039** |
| 02-405 | *Ferðaþjónusta aldraðra* | 0 | 0 | 5.532 | 0 | | 0 | 5.532 |
| 02-46 | *Framlög til dvalarheimilisins* | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 247.507 | 247.507 |
| | 5 Þjónusta við fatlaða | **0** | **0** | **875.927** | **0** | **0** | **0** | **875.927** |
| 02-501 | *Liðveisla fatlaðra* | 0 | 0 | 875.927 | 0 | 0 | 0 | 875.927 |
| | 7 Ýmis lögbundin framlög | **0** | **0** | **0** | **0** | **0** | **6.264** | **6.264** |
| 02-74 | *Orlofssjóður húsmæðra* | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 6.264 | 6.264 |
| **03 Heilbrigðismál** | | **0** | **0** | **172.107** | **0** | **0** | **0** | **172.107** |
| | 2 Heilsuvernd | **0** | **0** | **172.107** | **0** | **0** | **0** | **172.107** |
| 03-26 | *Heilbrigðiseftirlit og styrkir* | 0 | 0 | 172.107 | 0 | 0 | 0 | 172.107 |
| **04 Fræðslu- og uppeldismál** | | **0** | **0** | **7.405.311** | **0** | **0** | **0** | **7.405.311** |
| | 0 Sameiginlegir liðir | **0** | **0** | **1.262.976** | **0** | **0** | **0** | **1.262.976** |
| 04-002 | *Skólaskrifstofa* | 0 | 0 | 1.262.976 | 0 | 0 | 0 | 1.262.976 |
| | 2 Grunnskólar | **0** | **0** | **5.898.253** | **0** | **0** | **0** | **5.898.253** |
| | *Grunnskólar* | 0 | 0 | 5.898.253 | 0 | 0 | 0 | 5.898.253 |
| | 5 Önnur fræðslustarfsemi | **0** | **0** | **244.082** | **0** | **0** | **0** | **244.082** |
| 04-51 | *Tónlistarskólinn* | 0 | 0 | 244.082 | | | 0 | 244.082 |
| **05 Menningarmál** | | **170.412** | **518.038** | **2.213.928** | **0** | **665.612** | **553.116** | **3.950.694** |
| | 3 Önnur söfn | **0** | **0** | **4.319** | **0** | **0** | **553.116** | **557.435** |
| 05-34 | *Safnahúsið* | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 553.116 | 553.116 |
| 05-35 | *Bókasafn* | 0 | 0 | 4.319 | 0 | 0 | 0 | 4.319 |
| | 6 Menningarhús - félagsheimili | **170.412** | **518.038** | **2.209.609** | **0** | **665.612** | **0** | **3.393.259** |
| 05-61 | *Félagsheimili Sólvangur* | 170.412 | 518.038 | 2.209.609 | 0 | 665.612 | 0 | 3.393.259 |
| **06 Æskulýðs- og íþróttamál** | | **0** | **0** | **0** | **0** | **0** | **457.032** | **457.032** |
| | 8 Styrkir til æskulýðs- og íþróttamála | **0** | **0** | **0** | **0** | **0** | **457.032** | **457.032** |
| 06-89 | *Aðrir styrkir* | 0 | 0 | 0 | | | 457.032 | 457.032 |

| | | Heildar-tekjur | Laun og launat. gjöld | Vöru- og þjónustu-kaup | Fjármunat. og fjármagnsgj. | Afskriftir | Styrkir og framlög | Samtals gjöld |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | **07 Brunamál og almannavarnir** | **0** | **0** | **2.011.257** | **0** | **0** | **0** | **2.011.257** |
| | 2 Brunavarnir | **0** | **0** | **2.011.257** | **0** | **0** | **0** | **2.011.257** |
| 07-21 | *Slökkvistöð* | 0 | 0 | 2.011.257 | 0 | 0 | 0 | 2.011.257 |
| | **08 Hreinlætismál** | **0** | **0** | **4.158.945** | **0** | **0** | **0** | **4.158.945** |
| | 2 Sorphreinsun og sorpeyðing | **0** | **0** | **4.158.945** | **0** | **0** | **0** | **4.158.945** |
| 08-21 | *Sorphreinsun og sorpeyðing* | 0 | 0 | 4.158.945 | 0 | | 0 | 4.158.945 |
| | **09 Skipulags- og byggingarmál** | **0** | **0** | **1.631.619** | **0** | **0** | **0** | **1.631.619** |
| | 5 Byggingareftirlit | **0** | **0** | **1.574.455** | **0** | **0** | **0** | **1.574.455** |
| 09-51 | *Byggingarfulltrúi* | 0 | 0 | 1.574.455 | 0 | 0 | 0 | 1.574.455 |
| | 8 Ýmsir styrkir og framlög | **0** | **0** | **57.164** | **0** | **0** | **0** | **57.164** |
| 09-80 | *Vatnsveita* | 0 | 0 | 57.164 | 0 | | | 57.164 |
| | **10 Umferðar- og samgöngumál** | **0** | **0** | **1.117.698** | **0** | **0** | **0** | **1.117.698** |
| | 0 Sameiginlegir liðir | 0 | 0 | **61.498** | 0 | 0 | 0 | **61.498** |
| 10-012 | *Annar sameiginlegur kostnaður* | 0 | 0 | 61.498 | 0 | | 0 | 61.498 |
| | 6 Snjómokstur og hálkuvarnir | **0** | **0** | **1.056.200** | **0** | **0** | **0** | **1.056.200** |
| 10-61 | *Snjómokstur* | 0 | 0 | 1.056.200 | | | 0 | 1.056.200 |
| | **11 Umhverfismál** | **0** | **0** | **2.672.933** | **0** | **0** | **0** | **2.672.933** |
| | 4 Opin svæði | **0** | **0** | **1.760.000** | **0** | **0** | **0** | **1.760.000** |
| 11-42 | *Sláttur og hriðing opinna svæða* | 0 | | 1.760.000 | | | | 1.760.000 |
| | 7 Minka- og refaeyðing | **0** | **0** | **912.933** | **0** | **0** | **0** | **912.933** |
| 11-71 | *Minka- og refaeyðing* | 0 | 0 | 912.933 | 0 | 0 | 0 | 912.933 |
| 11-811 | 8 Ýmsir styrkir og framlög | 0 | **0** | **0** | **0** | **0** | **0** | **0** |
| | *Framlag til Héraðsnefnda* | | 0 | 0 | 0 | | 0 | 0 |
| | *Styrkur vegna skógræktar* | | 0 | 0 | 0 | | 0 | 0 |
| | *Styrkur til Eyðibýla á Íslandi* | | 0 | 0 | 0 | | 0 | 0 |
| | **13 Atvinnumál** | **0** | **0** | **(12.698)** | **0** | **0** | **112.472** | **99.774** |
| | 0 Sameiginlegir liðir | **0** | **0** | **23.302** | **0** | **0** | **0** | **23.302** |
| 13-002 | *Vaxtasamningur norð-austulands* | 0 | 0 | 23.302 | | | 0 | 23.302 |
| | 2 Landbúnaður | **0** | **0** | **(36.000)** | **0** | **0** | **112.472** | **76.472** |
| 13-21 | *Fjallskil, ásetningur o.fl.* | 0 | 0 | (36.000) | 0 | 0 | 0 | (36.000) |
| 13-23 | *Ýmis útgjöld* | 0 | 0 | 0 | 0 | | 112.472 | 112.472 |
| | **21 Sameiginlegur kostnaður** | **68.000** | **4.884.946** | **3.726.118** | **0** | **0** | **253.642** | **8.864.706** |

## SUNDURLIÐAÐ REKSTRARYFIRLIT AÐALSJÓÐS

| | | Heildar-tekjur | Laun og launat. gjöld | Vöru- og þjónustu-kaup | Fjármunat. og fjármagnsgj. | Afskriftir | Styrkir og framlög | Samtals gjöld |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | **0 Meðferð sveitarstjórnarmála** | **0** | **4.884.946** | **1.325.822** | **0** | **0** | **0** | **6.210.768** |
| 21-01 | *Sveitarstjórn* | 0 | 4.884.946 | 0 | 0 | 0 | 0 | 4.884.946 |
| 21-07 | *Endurskoðun sveitarsjóðs* | 0 | 0 | 1.325.822 | 0 | 0 | 0 | 1.325.822 |
| | **1 Kosningar** | **0** | **0** | **17.758** | **0** | **0** | **0** | **17.758** |
| 21-113 | *Aðrar kostningar* | 0 | | 17.758 | | | | 17.758 |
| | **4 Skrifstofur sveitarfélagsins** | **0** | **0** | **2.382.538** | **0** | **0** | **0** | **2.382.538** |
| 21-40 | *Skrifstofur sveitarfélagsins* | 0 | 0 | 2.382.538 | 0 | 0 | 0 | 2.382.538 |
| | **7 Samstarf sveitarfélaga** | **0** | **0** | **0** | **0** | **0** | **253.642** | **253.642** |
| 21-71 | *Framlög til landshlutasamtaka* | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 166.531 | 166.531 |
| 21-72 | *Framlög til héraðsnefndar og byggðasamlags* | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 87.111 | 87.111 |
| | **8 Ýmsir styrkir og framlög** | **68.000** | **0** | **0** | **0** | **0** | **0** | **0** |
| 21-831 | *Ýmsar tekjur* | 68.000 | 0 | 0 | 0 | | 0 | 0 |
| | | | | | | | | |
| **28 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | | **0** | **0** | **0** | **784.494** | **0** | **0** | **784.494** |
| | **0 Fjármunatekjur** | **0** | **0** | **0** | **1.098.750** | **0** | **0** | **1.098.750** |
| 28-01 | *Vaxta- og verðbótatekjur* | 0 | 0 | 0 | 1.098.750 | 0 | 0 | 1.098.750 |
| | **1 Fjármagnsgjöld** # | **0** | **0** | **0** | **314.256** | **0** | **0** | **314.256** |
| 28-11 | *Vaxta- og verðbótagjöld af skammtímaskuldum* | 0 | 0 | 0 | 72.533 | 0 | 0 | 72.533 |
| 28-14 | *Fjármagnstekjuskattur* | 0 | 0 | 0 | 241.723 | 0 | 0 | 241.723 |
| | **Samtals rekstur aðalsjóðs** | **54.337.871** | **8.256.669** | **25.978.677** | **784.494** | **665.612** | **1.630.033** | **35.746.497** |